

RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

24. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 24. MAÍ 2013

Mæting.

Haraldur Arnbjörnsson, Guðrún Berþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Inngason, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Brynjar Svansson, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Helgi Jónsson.

Boðuð forföll: Ómar Baldursson, Sigurður Sigurðsson, Júlía Björk Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Sambandsstjórnarfundur – samantekt.
3. Lífeyrismál.
4. Skipulagsmál RSÍ.
5. Orlofsmál.
6. Ísland Atvinnuhættir og menning 2010
7. Önnur mál.

Í upphafi fundar var látins félaga minnst, en Stefán Ó Guðmundsson lést þann 21. maí sl.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án ath.semnda.

2. Sambandsstjórnarfundur-samantekt.

Farið var yfir sambandsstjórnarfundinn sem haldinn var dagana 3. og 4. maí sl. og helstu mál sem þar voru rædd. Kjaramálin voru ofarlega í hugum manna og hver væru næsta skref varðandi komandi kjaraviðræður.

Samninganefnd ASÍ hefur fundað og skoðað landslagið með það í huga hvaða leiðir séu færar. M.a. hefur þjóðarsáttarleið verið rædd. En sennilega er búið að kveða hana niður vegna opinberra launahækkana að undanfögnu.

Það verður sennilega ofaná að gera stuttan samning bara til að ná fram leiðréttingu launa.

Ný ríkisstjórn er óskrifað blað, en ýmsu hefur verið lofað en hverjar efndirnar verða er ekki gott að segja til um.

Það verður að koma í ljós síðar, en viðræður milli ASÍ og ríkisstjórnar eru að fara í gang varðandi þessi mál og fróðlegt að fylgjast með hvað kemur útúr þeim viðræðum. Ákveðið var að bíða með skoðanakönnunina fram á haustið og samþykkt að halda stefnumótunarfund strax eftir sumarleyfi eða í byrjun september með helstu trúnaðarmönnum sambandsins til að fá fram nýjar og ferskar hugmyndir og móta stefnu fyrir gerð næstu kjarasamninga.

3. Lífeyrismál.

Ársfundi Stafa lífeyrissjóðs er nýlokið. Á fundinum var kjörinn ný stjórn og fulltrúar okkar verða áfram sem aðalmenn Guðmundur Gunnarsson og Jakob Tryggvason, til vara Bára Halldórsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Það er ljóst að þessi stjórn uppfyllir ekki „nýju lögin“ sem kveða á um kynjakvóta. Umræður urðu um væntanleg lög og hvernig best væri að skipa stjórn Stafa í framtíðinni. Eins hvort rétt væri að fjölga stjórnarmönnum og koma á viðræðum við alla hlutaðeigandi aðila varðandi framtíðarskipulag sjóðsins.

Samþykkt var á fundinum að skerða lífeyrisréttindi sjóðsfélaga til að draga úr neikvæðri stöðu en halli er á sjóðnum í dag uppá 9%. Markmiðið er að ná fullkomnu jafnvægi að loknu skerðingartímabili.

Skerðingin kemur ekki öll fram strax, heldur í þrepum næstu 4 árin. En ef ávöxtunin verður betri á næstu árum, þá er ekki víst að full skerðing þurfi að koma til.

Samþykkt var að skipa lífeyrissjóðsnefnd til að fjalla um framtíðarhorfur sjóðsins. Í nefndinni eru Jakob Tryggvason form. Bára Halldórsdóttir, Stefán Sveinsson, Svanborg Hilmarsdóttir, eftir er að skipa einn til viðbótar.

4. Skipulagsmál RSÍ.

Rædd voru innheimtumál sambandsins sem í dag eru þau í höndum lífeyrissjóðsins. Fram kom að þau hafa ekki gengið nógu vel að mati RSÍ. Samþykkt að skoða í fullri alvöru að taka innheimtumálin í eigin hendur. Ýmsum spurningum var velt upp s.s. hvort það hefði einhver áhrif ef við skiptum þessu upp, eins hvort innheimtan gæti orðið erfiðari þar sem við erum eflaust að njóta góðs af því að lífeyrissjóðsgjaldið er skyldugjald og félagsgjaldið hefur því fylgt með í skilgreinapakkanum.

Rætt var um skipulag á skrifstofu RSÍ og hvort ekki væri rétt að ráða eða skipa einhver yfirmann á stofunni (skrifstofustjóra). Ómögulegt er að enginn einn sé í forsvari og geti svarað fyrir hin ýmsu mál sem upp koma á vinnustaðnum.

Samþykkt að fá greiningu á starfseminni skrifstofunnar áður en lengra er haldið og gera skipurit og skilgreina störfin betur.
Starfsfólkið hefur sjálft kallað eftir slíkri vinnu.

5. Orlofsmál.

Tjaldsvæðið (B-svæðið) á Apavatni verður opnað í dag en A-svæðið er ekki tilbúið til opnunar enn sem komið er.

Verið er að endurnýja vatnslagnir á B-svæðinu og er það allt að verða klárt.
Þá er búið er að bera viðarvörn á öll húsin.

Varðandi brunavarnarmálin var samþykkt að kaupa klöppur í öll hús í stað þess að vera með sérútbúinn dælubúnað.

Á Kirkjubæjarklausti er verið að lagfæra húsin eftir vatnsskemmdir og yfirfara ýmsan búnað sem var úr sér genginn.

Á Klifabotni hafa sjóvarpsmálin verið í ólestri. Verið er að vinna í því að leysa þau mál með kaupum á gerfihnattardiskum.

Samþykkt að veita formanni heimild til að taka ásættanlegu tilboði í diska ef það berst.

Nýja húsið í Vaglaskógi er að verða tilbúið og verður fyrsta útleiga 21. júní n.k.

6. Ísland. Atvinnuhættir og menning 2010.

Tilboð barst í nýtt rit sem fjallar um atvinnuhætti og menningu árin frá 2001 – 2012. Umfjöllun er um RSÍ í ritinu eins og ákveðið var á fyrri fundi miðstjórnar. Ekki var talin ástæða til að fjárfesta í fleiri eintökum, tilboði því hafnað.

7. Önnur mál.

a) Undirbúningur fyrir Jónsmessuhátíðina 2013 gengur samkvæmt áætlun og búið að hnýta flesta ef ekki alla enda.

b) Hárgreiðslusveinar hafa sýnt því áhuga að ganga til samstarfs við RSÍ sem aðildarfélag. Félagsmenn eru um 500.

Ekki er vilji innan RSÍ að ganga til til samstarfs, því við viljum halda okkar sérstöðu sem rafiðnaðarmenn, en sjálfsagt að veita hárgreiðslusveinum stuðning og aðstoð eftir bestu getu.

c) Golfklúbburinn Dalbúi

Stefan Ó Guðmundsson heitinn var í stjórn klúbbsins ásamt ýmsum fleiri stjórnnum.

Finna þarf eftirmann Stefáns í stjórnina, sem mun taka sæti hans á næsta aðalfundi.

d) Farið var yfir stöðu varaformanns FÍS sem nýverið hætti í miðstjórn. Var viðkomandi sagt upp hjá vinnuveitanda í beinu kjölfari af tilkynningu um að kjósa þyrfti nýjan trúnaðarmann á vinnustað en allt benti til þess að hún yrði kjörin trúnaðarmaður á ný. Óskaði hún eftir útskýringum á uppsögninni en fékk ekki svör innan tímaramma sem tekinn er skýrt fram í kjarasamningi, jafnframt var ástæða sem loks var gefin upp klárt yfirklor. Málaferli eru hafin gagnvart fyrirtækinu fyrir Félagsdómi og er niðurstöðu að vænta í sumar. RSÍ telur uppsögnina klárt brot á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, 4. gr., en þar segir að atvinnurekendur megi ekki hafa áhrif á afstöðu og afskipti starfsmanna af stéttar- eða stjórnmalafélögum með uppsögnum úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn. Í þessu tilfelli verður þetta ekki skýrara en starfsmanni er sagt upp í beinu framhaldi af tilkynningu um val á trúnaðarmanni. Jafnframt var brotið á starfsmanni vegna upplýsingaskyldu atvinnurekanda um ástæðu uppsagnar.

e) Ákveðið hefur verið að tölvuvæða miðstjórn og gera pappír burtrækan úr störfum hennar. Samþykkt að hver miðstjórnarmaður og varamenn í miðstjórn kaupi spjaldtölu til nota fyrir RSÍ og greiðir RSÍ hverjum miðstjórnarmanni (aðal- og varamönnum) kr. 50.000.- og viðkomandi afganginn.

Samþykkt að bjóða uppá 2 valkosti þ.e. tölvur frá Epli og Samsung.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.15

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.